

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1980

9. september 1980.

295

Nr. 67.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að ná fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmt gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna: „starfsmenn aðildarféлага bandalagsins“ í 4. gr. laganna, komi orðin: Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarféлага bandalaganna.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Fjármálaráðherra skipar þrjá stjórnarmenn. Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann. Stjórnin kys formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.

3. gr.

1. málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðféлага og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

4. gr.

Í 3. málsg. 10. greinar falli niður orðin „fyrst um sinn“. Í 4. málsg. 10. greinar breytist „30 ár“ í 32 ár. — Í 5. málsg. 10. greinar breytist „20 ára“ í 16 ára.

5. gr.

Við 11. grein laganna bætist: Sbr. einnig um sambúðarfólk 14. gr. hér á eftir.

6. gr.

Á eftir 1. málsgrein 12. greinar komi þrjár nýjar málsgreinar, sem orðist svo:

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyrir fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

Sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963 12. gr. 2. málsg., sbr. lög nr. 101/1943 12. gr. og lög nr. 11/1959 1. gr. 2. málsg., getur valið, ef hann kys svo, að neyta þess réttar, skv. næstu málsg. hér á eftir, fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

7. gr.

3. málsg. 12. greinar, sem verður 6. málsgrein, orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri.

8. gr.

Á eftir 6. málsg. 12. gr., sem áður var 3. málsg., kemur ný málsgrein sem hljóðar þannig:

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

9. gr.

Á eftir 12. grein laganna bætist ný grein sem nefnist 12. gr. a svohljóðandi:

12. gr. a.

Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturna, það er á tímabilinu frá kl. 22.00—09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförnum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvilík tilvik.

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð sé samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

10. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

11. gr.

Við 25. grein laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir, með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánum (verðtryggðum).

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó skulu ákvæði 2. gr. taka gildi 1. janúar 1981 og ákvæði 3., 8. og 9. gr. taka gildi 1. október 1980. Ákvæði 7. gr. taki gildi 1. ágúst 1980.

Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.